

Aðalfundur foreldrafélags Hofsstaðaskóla, 30. ágúst 2011

Frá fulltrúum foreldra í skólaráði.

Síðasta skólaár hafa Sigrún Snædal Logadóttir og Guðrún Birna Finnsdóttir setið í skólaráði sem fulltrúar foreldra og Anna Linda Bjarnadóttir sem fulltrúi foreldra og nágrannasamfélagsins. Varamaður er Inga Lís Sólonsdóttir. Voru þær kosnar á aðalfundi foreldrafélagsins 2010 til setu í skólaráði til tveggja ára, og er því ekki breyting þar á fyrir þetta skólaár. Skólaráð starfar samkvæmt 8 gr. laga nr 91/2008 og reglugerð nr. 1157 um skólaráð við grunnskóla. Aðrir fulltrúar í skólaráði eru skólastjóri, tveir kennarar, tveir nemendur, einn starfsmaður skólans og aðstoðarskólastjóri sem er áheyrnarfulltrúi og ritari fundargerða.

Fimm fundir hafa verið í vetur í skólaráði og er farið yfir mál sem viðkoma skólstarfinu.

Ítarlegar fundargerðir er að finna á heimasíðu skólans, en skólaráð vann í kringum skólaþing Hofsstaðaskóla og nýrri skólastefnu Garðabæjar, fundaði um matarmál í Hofsstaðaskóla, húsnæðismál vegna þrengsla og fjölgunar í skólanum, skóladagatal, erindi frá nemendum s.s. vegna kórs, salerna, fíkniefnafræðsu og fleira, farið var yfir fjárhagsáætlun skólans fyrir komandi skólaár, farið yfir niðurstöður úr ýmsum skýrslum og könnunum og aðgerðir ræddar.

Síðla vetrar eftir vinnuna við skólaþing var farið yfir og samþykktur Vegvísir sem er útfærsla skólans á endurskoðun á skólastefnu Garðabæjar. Rætt um samvinnu foreldra við skóla, skíðaferð, en nemendur í Hofsstaðaskóla hafa sett fram óskir um skíðaferð sambærilega við þá sem Sjálandsskóli fer á hverju ári.

Niðurstöður viðhorfskönnunar foreldra var rædd, en þátttaka var heldur slök. Flestir eru sammála því að heimanám sé hæfilegt og í málstofum tjáir fólk sig um að ýmist þyki þeim heimanámið of mikið eða of lítið. Foreldrar eru almennt ánægðir með samstarf heimila og skóla. Sumir vilja fá meiri og reglulegri upplýsingar og öðrum finnst þeir fá nóg eða of mikið. Mikil neikvæðni ríkir í garð matarmálanna.

Aðalnámskrá hefur breyst og viðmiðunarstundarskrá skv því. Upplýst var að næsta ár verður sértakt þróunarverkefni í skrift og sett verður skrifstarfnefna í skólanum. Sund verður áfram kennt í lotum. Foreldrar benda á að fækkun stærðfræðitíma skv. aðalnámskrá sé ekki ákjósanleg, en Hofsstaðaskóli er samt sem áður með fleiri stærðfræðitíma en nýja námskráin kveður á um.

Sambygging hofanna var kynnt, kórin komst á áfram en með fjárframlagi þátttakenda, starfsmannamál og símenntunaráætlun næsta árs voru kynnt.

Hér hefur verið stiklað í stuttu máli yfir umræðuefni skólaráðs, en ítarlegar fundargerðir eru öllum aðgengilegar á vef skólans, undir liðnum Foreldrar - Skólaráð.

Með kveðju

Guðrún Birna Finnsdóttir

Anna Linda Bjarnadóttir
Sigrún Snædal Logadóttir
Inga Lía Sólonsdóttir